



Reykjavík – 2  
Leyfi nr. 196

## Álestrartímabil 1.–15. desember

Álestrartímabil 2. gjaldtímabils 2007 er 1. – 15. desember 2007. Gjaldldagi er 1. janúar 2008 og eindagi er 15. febrúar. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með þau ökutæki sem eru á númerum til álestrar á álestrartímabilinu áætla ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 48.000 km aksturs á gjaldtímabilinu. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætlaður 48.000 km.

**Athygli er vakin á því að eigandi eða umráðamaður ökutækis með ökumæli skal mæta með ökutækið til álesturs á álestrartímabili.**

Þessi skylda á við öll ökutæki sem kílómetragjald er lagt á í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra skv. ökumæli. Ef ökutæki er óökufært og því ekki mögulegt að mæta með það til álestraraðila er hægt að óska eftir álestri frá álestraraðila/vegagerð. Slíkt þarf að gera tímanlega.

Ekki er þörf á álestri á álestrartímabili hafi álestur farið fram vegna innlagnar númera eða afskráningar ökutækis.

### Kílómetragjald

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
10.000–11.000	0,29	21.001–22.000	6,89
11.001–12.000	0,89	22.001–23.000	7,49
12.001–13.000	1,49	23.001–24.000	8,09
13.001–14.000	2,09	24.001–25.000	8,69
14.001–15.000	2,69	25.001–26.000	9,29
15.001–16.000	3,29	26.001–27.000	9,89
16.001–17.000	3,89	27.001–28.000	10,49
17.001–18.000	4,49	28.001–29.000	11,09
18.001–19.000	5,09	29.001–30.000	11,69
19.001–20.000	5,69	30.001–31.000	12,29
20.001–21.000	6,29	31.001 og yfir	12,89

**Bifreiðar og eftirvagnar** sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki bifreiðar ætlaðar til fólksflutninga, skulu greiða kílómetragjald, sbr. lög nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald.

Gjaldskyldan er óháð eldsneytisnotkun og ökutæki sem eru undanþegin olúgjaldi eiga að greiða kílómetragjald. Þá eiga bifreiðar og eftirvagnar sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands að greiða kílómetragjald.



### Álestur að loknu álestrartímabili

Komi gjaldandi, sem sætt hefur áætlun, með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils, þ.e. eftir 15. desember 2007, skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar.

### Skráning á akstri í akstursbók/sekt

**Skytt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:**

- Ef ökuriti er notaður sem ökumælir skal skrá kílómetrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu ökumælisins vikulega.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 87/2004 er heimilt að beita sektum sé ekki skráð í akstursbók eftir settum reglum.

Sektarfjárhæðir fyrir ranga eða enga skráningu í akstursbækur er samkvæmt lögnum allt að kr. 100.000.-

Ríkisskattstjóri hefur sett sér verklagsreglur um beitingu sekta í ofangreindum tilvikum og eru þær eftirfarandi:

- Vegna ranglega færðs aksturs, **kr. 10.000.-**
- Ef akstur er ekki færður eða akstursbók glatast skal sekt vera **kr. 20.000.-**.

Fyrir ítrekuð brot skal sektin hækka um kr. 5.000.- í hvert sinn, í allt að kr. 50.000.-

### Ökutæki til sérstakra nota sem mega nota litaða olíu og bera sérstök merki

**Bifreiðar og eftirvagnar** sem eru 5.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og uppfylla 2. mgr. 13. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald sem og reglugerð nr. 274/2006, um skilyrði undanþágu frá greiðslu olúgjalds og um greiðslu sérstaks kílómetragjalds, eru undanþegin greiðslu olúgjalds. Þess í stað er greitt sérstakt kílómetragjald sbr. 6. mgr. 13. gr. laga nr. 87/2004.

**Athygli er vakin á því** að Umferðarstofa hefur gefið út verklagsreglur um skráningu ökutækja sem ætluð eru til sérstakra nota. Skilyrði þess að slík ökutæki megi nota litaða olíu er að þau hafi verið skráð til sérstakra nota í ökutækjaskrá og beri sérstök skráningarmerki (olíumerki) með svörtum stöfum á dökkgulum grunni. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Umferðarstofu, **www.us.is**

Á upplýsingavef ríkisskattstjóra má finna nánari upplýsingar um kílómetragjald og olúgjald.

Slóðin er: **www.rsk.is**

**GJALDAEILD RÍKISSKATTSTJÓRA**

SÍMI 563 1100 · FAX 563 1290